

Hugvísindasvið - Haustönn 2013

Sagnfræði og heimspekideild - Sag103G

Námskeið: Heimssaga fyrir 1815

Kennari: *Sveinbjörn Rafnsson.*

Uppeldi í Spörtu hinni fornu á blómatíma hennar.

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859)

Dagsetning: 7. október 2013

Inngangur

Saga Spörtu hinnar fornu hefur ætíð heillað mig. Hvað veldur; frásagnir af hetjum, ofurmennum og hernaðarsigrum, harðýðgi í uppeldi, harðneskjulegar mæður eða samkynhneigð? Eða gæti það verið hinn goðsagnakenndi löggjafi Spartverja, Lycurgos eða Lycurgos? En ég er vitanlega ekki sá fyrsti eða eini, sem hef velt vöngum í undrun. Hinn forngríska sagnaritari, Xenofon, dvaldi í ungdæmi sínu með Spartverjum. Hann undraðist eins og ég. Hvernig mátti það vera, að fámennasti ættflokkur Doríanna yrði að slíku stórveldi sem raun ber vitni? Orð Xenofóns eru eins og töluð út úr mínum munn:

„Now once it had struck me that Sparta, despite having one of the lowest populations, had nonetheless clearly become the most powerful and most famous state in Greece, I wondered how this had ever happened.“ (1)

Í þessu ritgerðarkorni fýsir mig að skyggjast inn í hið spartverska samfélag á blómaskeiði þess. Það er einnig kennt við sígilt tímabil í sögunni frá 480 til 360 f. Kr. Ég mun beina sjónum sérstaklega að uppeldi æskunnar í þeirri von að þannig opnast mér ljóri á því margbrotna fyrirbæri sem Sparta hin forna var. Í því sambandi verður augljóslega ekki undan því vikist að skoða kynhlutverk að einhverju marki. Ég geng út frá því sem vísu, að lykilhugtök séu lesendum kunn.

Nálgun – grundvallarviðhorf

Það mun í dag vera lítt umdeild alkunna, að „börn hafa það sem fyrir þeim er haft,“ og „að ungur nemur, gamall temur.“ Í uppeldinu verða börn harla snemma fyrir mótandi áhrifum þess samfélags, sem þau alast upp í; grundvallargildi og reglur taka sér bólfestu í hugum ungvíðisins. Þannig „viðheldur“ tiltekið samfélag manna sér í grófum dráttum. Það er væntanlega önnur alkunna, að mæður (eða konur) um veröld alla fyrr og síðar, hafa að mestu leyti séð um uppeldi stúlkna og pilta fram að sjö ára aldri eða hér um bil. Á þeim aldri skilur venjulega að mestu leyti milli kynjanna. Feðrum eða öðrum körlum er falin umsjá piltanna, en stúlkurnar alast áfram upp undir handarjaðri eigin kyns. (Að vísu riðlaðist þetta fyrirkomulag nokkuð í okkar heimshluta við iðnbyltingu og á okkar tímum alast börn upp að verulega leyti undir handarjaðri kvenna á heimilum, í leikskólum og skólum – og jafnvel í háskólum.)

Látum okkur, áður en lengra er haldið með uppeldið og kynhlutverk, skoða samfélagsgerðina sem slíka, því hin margvíslegu svið samfélagsins skilyrða hvert annað. Valdhafar af ýmsu tagi skera úr um með hvaða hætti það gerist og hvað leyfist af hugsun og hegðun og hvað ekki.

Spartverkst samfélag

Hvernig kemur spartverskt samfélag núlifendum fyrir sjónir. E. Rawson segir, að Sparta hafi verið:

„A militaristic and totalitarian state, holding down an enslaved population, the Helots, by terror and violence, educating its young by a system incorporating all the worst features of the traditional English public school, and deliberately turning its back on the intellectual and artistic life of the rest of Greece.“ (2)

(1) Plutarkos, *Plutarch on Sparta* (tilvitnun í „Xenophon“), bls. 166. - (2) Rawson, *The Spartan Tradition in European Thought*, bls. 1. Vitnað í: R.J.A Talbert. „Foreword.“ Plutarch on Sparta .

Svo er að sjá, að áhrif Spartverja á skólakerfi Breta hafi verið umtalsverð. Rawson og flestir flestir heimildamanna minna skoða spartverskt samfélag með gleraugum sagnaritara, sem lifðu mörg hundruð árum, eftir að ríki Spartverja leið undir lok. Aukin heldur hafa aðgengileg rit einungis verið til í endurritunum. Brjóstvit, reynsla og rannsóknir benda til, að gjalda beri varhug við slíkum heimildum. En eins og áður er ýjað að, var Xenofon um skeið gestur Spartverja í ungdæmi sínu og því manna nálægastur vettvangi af þeim sagnariturum og skáldum, sem hafa frætt okkur um Spörtu. En hér þarf líka ganga varlega um gleðinnar dyr, því leitt hefur verið getum að því, að handrit hans kunni að hafa verið skrifað af öðrum höfundum, aðdáanda Spartverja. Eins tók Xenofon hús á Spartverjum, þegar sól þeirra var að hníga til viðar.

En við eigum engan annan kost en að bjargast við þær heimildir, sem eru tiltækar. En forðast ber að fara að dæmi Rawson og gera svo hikstalaus samlíkingu millum uppeldis í Spörtu hinni fornu og Bretlandi samtímans. Hafa ber í huga, að tiltekin stofnun, háttarni eða lög, enda þótt áþekkt séu á yfirborðinu, kunna að hafa mismunandi skírskotun í hverju samfélagi fyrir sig.

Um tilurð samfélags Spartverja er margt á huldu. Enginn veit í sjálfu sér, hvort hinn nafntogaði löggjafi þeirra, Lycurgos, sé goðsögn eður söguleg persóna. Það, sem umsvifalaust vekur athygli, eru hinar tvær konungaættir í Spörtu. Konungstign gekk þar að erfðum. Faðir sagnaritunar, Herodotos, segir, að Argeia, drottning Aristodemosar, er lagði undir sig Lakóníu og eignaði Spartverjum, hafi alið tvíburasonu, en náð að rugla fólk í ríminu um fæðingarröð þeirra, þannig að nauðugur einn kostur var að veita þeim völd til helminga. Engu að síður röktu báðar konungaættirnar uppruna sinn til hins mikla stríðsmanns og ljónabana, Heraklesar.

En hvenær kemur löggjafinn til sögu og af hvaða tilefni. Ætli merking nafns hans hafi skírskotun til aðstæðna, verkefnis og lykta þess? Nafnið merkir þann, er vinnur í anda úlfins, er eins konar úlfur í mannshami. Hvernig sem því líður má ætla, að þær sögusagnir, sem herma, að lögin hafi verið sett á orlagastundu í lífi þjóðarinnar, kynni að hafa við rök að styðjast. Stjórnkerfið ber því vitni.

Í öldungaráðinu (gerousia) sátu þrjátíu öldungar, þ.e. karlmenn sextugir eða eldri. Tveir þeirra voru konungar, sem höfðu víðtæk völd. Hinir voru af höfðingjaættum og oftast ekki vinveittir konungunum. Ráðsmenn sátu til dauðadags. Öldungaráðið hafði gríðarleg völd. Það bjó öll mál til flutnings í þinginu (damos), en þar sátu allir gildir Spartverjar, þ.e. menn er höfðu staðist öll hermennskuprekaunapróf og máttu ekki vamm til vita og höfðu óflekkað mannorð samkvæmt spartverskum siðum og gildum. Öldungaráðið hafði neitunarvald gagnvart þinginu. Í öldungaráðið var kosið með harla skringilegum hætti. Kjósendur – eða ákveðinn dómarahópur – kom sér fyrir í gluggalaus herbergi. Síðan voru kjörmenn beðnir að ganga fram undir köllum dómnefndarmanna. Þeir kjörmanna, er háværust fengu köllin, hlutu kosningu. (3) Enn er ótalin mikilvæg stofnun í stjórnkerfi Spörtu, þ.e. æðstaráðið. Þingmenn kusu í æðstaráðið. Endurkjör var ekki leyft. Æðstaráðið virðist hafa haft ógurleg völd; gegnt hlutverki leyniþjónustu, lögreglu og dómara. Ekkert var því óviðkomandi. Það gat meira að segja sektað konungana sjálfa. Einu sinni til að mynda var annar konunganna sektaður fyrir smávaxið kvonfang. Æðstaráðinu þótti kvenkosturinn ekki vænlegur til undaneldis.

Kynhlutverk

Það var vafalaust runnið undan rifjum öldungaráðsins – í samræmi við löggjöf Lycurgosar – að spartverskum karlmönnum væri bannað að fást við annað en hernað. Gefum Cartridge orðið:

The legend of Lycurgus postulated a remarkable „Year of Zero“ scenario when, at a moment of deep crisis, he was able to persuade his fellow Spartans to introduce the comprehensive and compulsory educational cycle called the Agoge ... This system of education, training and socialisation turned boys into fighting men whose reputation for discipline, courage and skill was unsurpassed. He was credited also with utterly reforming the Spartans' political system and introducing perhaps the earliest system of Greek citizen self-government. (4)

Löggjafinn hafði með öðrum orðum einokum á menntun allra ungmenna. „Agoge“ fól ekki einasta í sér menntun í lestri og ritun, sönglist, íþróttum, siðgæðum, hermennsku og væntanlega bókmenntum að nokkru leyti, heldur eins konar heilapvott í ljósi ríkiseinokunar á menntun og öflugu félagslegu taumhaldi og eftirliti með ógn um útskúfun og ofbeldi.

Ummæli mæðra og annarra kvenna lýsa með áhrifamiklum hætti, hverjir voru siðir spartverskrar hermennsku og hvers konar væntingar hvíldu á hermönnum ríkisins: Gyritas hét konungamóðir ein. Svo er frá því sagt, þegar sonar- eða dóttursonur hennar var borinn laskaður heim, eftir drengjabardaga:

„Once when her grandson Acrotatus was brought home from some boy's combat badly battered and seemingly dead, and both her family and friends were sobbing, Gyritas said. „Won't you keep quite? He's shown what kind of blood he has in him,“ and she added that brave men should not be howled over but should be under medical care.“ (5)

Ömmurnar létu greinilega ekki sitt eftir liggja í því að stæla piltanna ásamt því að herða líkama og sál viðstaddra.

Gyritas þessi átti sér eiginmann að nafni Acrotatus. Sá var að berja á fólki á Krít, en hné í valinn. En tilfinningasemin var frúnni fjarri í þessu sambandi einnig.

„When a messenger came from Crete to report Acrotatus' death she said: „Wasn't it inevitable that, when he proceeded against the enemy, either he would be killed by them or he would kill them? To hear that he died in a fashion worth of me and the city and his ancestors is pleasanter than if he were immortal but a coward.“ (6)

Acrotatus hefur vafalaust geispað golunni með hetjuleg orð á vörum eins og sannur forníslenskur stríðsmaður. Raggeit hefur hann greinilega ekki verið, borið hróður ættarinnar í ókunn lönd og varið mannorð og æru – ekki einasta sjálfs sín, forfeðra og heimalands – heldur einnig eiginkonunnar. Það er engu líkara, að mæður og jafnvel eiginkonur hafi talið vellukkaða stríðsmenn sköpunarverk sitt. Enda var Gorgos, konungsdóttir og eiginkona eins mesta herforingja Spartverja, ómyrk í máli, þegar kynsystir hennar af öðrum grískum stofni forvitnaðist um málefnið. Hún ku hafa svarað borginmannlega, að einungis spartverskar konur

(4) Cartledge, *The Spartans*, bls. 32. – (5) Plutarkos, *Plutarch on Sparta*, bls. 158-159. – (6) Sama rit, bls. 159.

ælu alvöru karlmenn. Svipað viðhorf hljómar býsna greinalega í tilsvörum annarrar spartverskrar móður, sem átti tal við kynsystur frá Jóníu:

„When a Ionian woman was priding herself on one of the tapestries she had made (which was indeed of great value), a Spartan woman showed off her four most dutiful sons and said they were the kind of thing a noble a good woman ought to produce, and should boast of them and take pride in them.“ (7)

Spartverskum mæðrum var sértaklega umhugað um að ala ríkinu góða hermenn. Þegar spartverskri móður barst sú fregn, að sonur hennar hafi gefið líf sitt með sæmd og aldrei yfirgefið afmarkaðan stað sinn í víglínunni, fórust henni svo orð: grafið strákinn og setjið bróðurinn í hans stað. Þetta minnir reyndar á Palenstínska móður okkar tíma, sem taldi það gæfu sína að hafa alið fimm syni, sem allir urðu hermenn. Fjórir höfðu þegar fallið. Hún vonaði að þeim fimmta lánaðist einnig að deyja sæmdardauða á vígvellinum. Henni þótti miður að geta ekki alið af sér fleiri hermenn. En hún var komin úr barneign. Hugsanlega hafa fornar dyggðir spartverskra mæðra aldrei horfið? Vísast hefði móðirin í Palestínu afneitað syni, sem sýndi af sér ragmennsku á vígvellinum, alveg eins og sú spartverska, en þessi orð eru lögð í hennar munn:

„Away to the darkenss, cowardly offspring, where out of hatred Eurotas does not flow even for timorous deer. Useless pup, worthless portion, away to Hell. Away! This son unworthy of Sparta was not mine at all.“ (8)

Af framansögðu má ljóst vera að mæður lögðu svo sannarlega sitt af mörkum til að ala sonu sína upp í hermennsku. En gefum betri gaum að uppeldinu í heild sinni.

Lífvenleiki barna var metinn af útvöldum föðurfrændum. Þættu börn ekki á vetur setjandi voru þau deydd; borin út eða skutlað fyrir björg. (Hugsanlega hafa Spörtumenn átt sér ætternisstapa eins og Íslendingar.) Annar valkostur var raunar að selja þau í þrældóm, gera þau að Helótum, en svo nefndust einu nafni landsmenn Spartverja, sem þeir höfðu kúgað til hlýðni. Í bernsku dvöldu börn öll í heimahúsum undir leiðsögn móðurinnar, sem að öllu leyti gat helgað sig uppeldishlutverki og bústjórn. Þrælur unnu önnur verk.

Spartverskum karlmönnum var bannað að stunda atvinnu. Um sjö ára aldur voru sveinar fluttir af heimili sínu í herþjálfunarbúðir undir stjórn ungra karla, sem lengra voru komnir í hermennskuþjálfuninni. Þetta voru raunar fyrstu reglulegu kynni hinna ungu pilta af karlmönnum. Feður þeirra og frændur á fullorðinsaldri dvöldu í herbúðunum heima við væru þeir ekki að berjast á erlendri grundu. Lagt var blátt bann við því, að stríðsmenn í heimahögum „hokruðu að konum sínum.“ Þeir urðu að læðast til eiginkvenna ellegar annarra ástkvenna um dímma nótt.

Í þjálfunarbúðunum var lögð var ofuráhersla á að efla liðsandann. Eitt þáttur slíkrar eflingar var eins konar fóstursamband hinna ungu pilta við unga, fullvaxta stríðsmenn. Um fast samband var að ræða. Varla er blöðum um það að flétta, að sambandið varð náíð eins og til var ætlast, svipað og í öðrum ríkjum Grikkja. Ein skýringanna er vafalaust sú, að hermenn berðust hetjulegar fyrir lífi og limum ástvinar en annarra. Önnur skýring gæti verið aukin ákefð til að verja hermennskuheiður sinn í námunda við ástvin. Svo er heldur ekki loku fyrir það skotið, að Lycurgos hafi verið vel skygginn á sálina og séð í hendi sér, að með einhverjum

hætti þyrfti að fullnægja kynlífsþörf hermanna og því eins gott að aga slíka þörf eins og allt annað í hinni öguðu veröld Spörtu. Drengir voru þá fyrst gerðir af fullgildum borgurum, er þeir höfðu staðist hörð lokapróf úr hermennskuuppeldi sínu. En það gerðu að vonum ekki allir. Þeirra beið bein eða óbein útskúfun. Það er því með miklum fyrirvörum, að trúa megi þeirri staðhæfingu, að allir spartverskir borgarar hefðu jöfn stjórnáráttindi. (9) Þeir ungu karlar, er sköruðu fram úr jafnöldrum sínum, voru kjörnir af þeim sömu máttarvöldum, þ.e. æðstaráðinu, er hafði að öðru leyti tögl og haldir í Spörtu, til þjónustu í eins konar ógnar- og aftökusveit sveit yfirvalda, Crypteia. Sveit þessi hafði m.a. með höndum njósnir og útrýmingu ríkisfjandsamlegra aflla, rétt eins og leyniþjónustur lýðræðisríka samtímans.

Hinn mikli löggjafi, Lycurgos, hafði fyrir satt, að stæltar og öflugar konur væru betur til þess fallnar en þær lingerðu að ala af sér afreksfólk. Því var uppeldi stúlkna háttað með svipuðu móti og hjá drengjunum, en tvennum sögum fer af því, hvort þær voru einangraðir í sérstökum þjálfunarbúðum eins og piltarnir eða þjálfuðust í meginatriðum undir handarjaðri móðurinnar á heimilinu. Cartledge er þó greinilega ekki í vafa. Hann segir nefnilega:

Unlike their brothers [...] Spartan girls did not go to boarding school from the age of seven. They were educated, rather, at home, by their mothers and domestic Helots, but by no means exclusively so. [Menntun þeirra fór fram í] some sort of public educational programme, which – like that of the boys – focused heavily on the physical dimension. They ran, they jumped, they threw, and they wrestled, allegedly naked and with the boys, but that may well be more non-Spartan male fantasy than spartan actuality. They also sang and danced, in distinctive and competitive ways. Dance competitions for girls are attested elsewhere in Greece too, but the Spartans cleverly turned girls's dancing to political ends. (10)

Samanburður við uppeldi stúlkna í Aþenu, borgríki, er nafntogað var fyrir menningu og listir m.a. gæti verið gagnlegt til glöggvunar á uppeldi kynsystra þeirra í Spörtu. Cartledge gefur okkur greinagóða lýsingu:

An Athenian girl would receive formal education beyond training for the domestic duties required of a good Athenian wife and mother – weaving, food-preparation, childcare household management. A daughter was routinely fed smaller rations than her brothers. At puberty she would be sequestered in her father's or other male guardians's house until she was married off to a man who, if he could afford to, would keep her as much as possible out of the public eye and would think it dishonourable even to hear her talked about among unrelated men. She was not allowed to own any significant amount of property in her own right and had no official say in Athens's much vaunted democracy. Significantly, the women of Athens of whom we hear most were not Athenian citizen women at all, but the hetaerae or upmarket prostitutes who were powerful but definitely beyond the acceptable social pale. (11)

(9) McKay og fl., *A History of World Societies*, bls. 120. – (10) Cartledge, *The Spartans*, bls. 172-173. – (11) Sama rit, bls. 36.

Umsögn Cartledge um „heterurnar“ gæti orkað tvímælis. Eftir því sem næst verður komist kynnu sumar þeirra að hafa selt blíðu sína. En engu að síður voru margar þeirra hámenntaðar konur og jafnvel kennarar mestu spekinga Grikkja. Sumar þeirra komust jafnvel til metorða með öðrum hætti og öðluðust bein áhrifa á stjórn Aþenu. Það skal ekki dregin fjöður yfir. (12) En ekki er rúm til að fjölyrða um það hér, en aftur beint sjónum að Spörtu.

Engar heimildir eru um stétt kvenna í Spörtu sambærilega við fylgikvennastétt Aþenu. Konur almennt bjuggu þar við miklu meira frelsi til orð og æðis en kynsysturnar í þeirri merkisborg. Þær gátu erfð karlpeninginn, ráðstafað eignum sínum og talað býsna frjállega, þegar þeim bauð svo við að horfa. Þær voru síður en svo veifiskatar. Frjálsræði þeirra náði einnig til samskipta við hitt kynið. Ástarsambönd við karla utan hjónabands virtust ekki ótíð. Einnig gat það orðið að samkomulagi millum hjóna, að eiginkonan eignaðist afkomendur með öðrum karli og veitti þá jafnvel forstöðu heimili hans einnig á friðar- jafnt sem ófriðartímum. En börn úr slíku sambandi voru þó talin óskilgetin. Það þótti heldur ekki ámælisvert að konur gerðu hver annarri glingrur. Samkynhneigð var ekki tiltökumál í Spörtu, hvort sem áttu í hlut karlar eða konur. Gefum Cartledge orðið aftur, þar sem hann lýsir hversu öndverðar spartverkar konur voru þeim aþensku:

In sharp and complete contrast, Spartan women were – allegedly – active, prominent, powerful, surprisingly, independent-minded, and positively garrulous. Girls had a similar education to that of the boys though separate. Many could read and write. Young virgins, oiled head to toe, ran races, then danced by night to worship their gods and goddesses. By day, ultimately to attract suitors, they threw the javelin and discus, wrestled – sometimes, again allegedly, with the boys – and performed gymnastics, all completely naked and in full public view, to the consternation of Greek visitors from other cities. They were also keen on horses. (13)

Það má skilja, að slíkar afrekskonur í anda Lycurgosar hafi alið af sér tápmikil börn og efni í góða hermenn. Aukin heldur voru þær íðilfagarar, spegluðu sig mikið, kemdu hadd sinn og héldu útliti sínu til haga. Hugsanlega var kjörmyndin sjálf Helena hin fagra frá Spörtu, sem numinn var á brott sökum fegurðar sinnar og glæsileiks. (Trúlega hefur hún þó kvatt sjálfviljug!) Gestum þótt greinilega nóg um nekt spartverskra meyja og leikfimi, enda vanir annars konar siðgæðum og háttum kvenna. Sumir urðu hvumsa og með þeim vöknuðu annarlegar kenndir. Alla vega fengu spartverskar konur uppnefnið „berlæragærur“ („high flashers“).

Niðurlag – umræða

Það er varla nokkrum vafa undirorpið, að spartversk samfélag einkenndist umfram allt af ógn og harðræði. Það er afar auðvelt að samsinna Cartledge, þegar hann segir:

The image or mirage of Sparta is therefore at least ambivalent and double-faced. Against the positive image of the Spartans' uplifting warrior ideal of collective self-sacrifice ... has to be pitted their lack of high cultural achievement, their refusal for the most part of open government, both at home and abroad, and their brutally efficient suppression for several centuries of a whole enslaved Greek people. (14)

Það er eftir atvikum auðvelt að gera sér í hugarlund, að slíkt ríki hljóti að hafa verið stofnsett

(12) Sigurbjörn Einarsson, „Xanpippa og systur hennar.“ - (13) Cartledge, *The Spartans*, bls. 36.

af ráðandi ofbeldisöflum í samfélagi upplausnar og kreppu. Um þetta vitnar t.d. hið óvenjulega, tvöfalda konungdæmi í hinu undarlega lýðræði hinna útvöldu stríðsmanna af karlkyni. Það er varla neinum vafa undirorpið, að stjórnskipanin lýsir eins konar ógnarjafnvæggissamkomulagi þeirra, sem mestra hagsmuna höfðu að gæta og mest höfðu völdin og áþreifanlegust.

Hagsmunir og völd fara iðulega saman. Það er engu líkara en að (þjóðsagnapersónan) Þorgeir Ljósveitningagoði hafi stökkið heljarstökk aftur á bak í tíma og aðstoðað Lycurgos. Löggjöfin um uppeldi og skólun og fyrirkomulag allt í því efni, er tær snilld. Æðsta ráðið hafði þann þráð eins og alla aðra, á hendi sér. Markmið uppeldisins var grópað í eins konar aðalnámskrá, sem var ófrávikjanleg. Harðræðið í uppeldi dró dóm af skelfingum vígvallarins. Svo virðist sem börn hafi lifað undir sömu eftirlitsógninni og fulltíða borgarar Spörtu. Útsendarar Æðstaráðsins voru á sveimi alls staðar, rétt eins og í hinum andvana Ráðstjórnarríkjum. Öryggi var einungis fundið í faðmi ríkisvaldsins með Æðstaráðið í broddi fylkingar. Þetta eru kjöraðstæður innrætingar og helsis. Grunngerð samfélagsins var feðraveldi. Því vekur tiltölulegt frjálsræði kvenna, sem í raun var miklu meira en karla, töluverða undrun. Varla eru efni til að draga í efa speki Lycurgosar um uppeldi og erfðir – alla vega í félaglegum og sálrænum skilningi. En vafalítið hefur hið umfangsmikla þrælahald skapað konum slíkar aðstæður til frelsis fremur en aðrir þættir í spartversku samfélagi.

Stjórnendur einræðis-, flokkaræðis- og lýðveldisríkja hafa sitt hvað lært af Spartverjum; gildi skólunar fyrir sjálfsviðhald samfélagsins og einokun hennar, einokun valdbeitingar, eftirlit, leynd, njósnir og refsingar af ýmsu tagi, þar með talin útskúfun. (En trúleg kunnur menn ýmislegt fyrir sér í þessari stjórnunarlist fyrir tíma Spörtu.) Öflugir hagsmunaaðilar hafa vafalaust lært, að hag þeirra sé best borgið í einhvers konar lýðræðisríkiskerfi, þar sem karlar og konur geta tekið þátt í svipuðu lýðræðissjónarspili og í Spörtu (og öðrum borgríkum Grikklands). Hinir leyndu stjórnartaumar eru öflugustu valdataekin, þ.e. hernám hugans. Þeir eru illgreinanlegir þegnumum. Því láta þeir svo lipurlega að stjórn. Trúlega er þannig um þá farið eins og klárinn. Hann leitar þangað, sem hann er kvaldastur – hafi hann verið barinn nægilega til hlýðni og teymdur á eyrunum.

Svo er ekki loku fyrir það skotið, að örgustu kvenfrelsarar, þ.e. þeir sem boða frelsi kvenna undan illgirnilegu oki karla gervallrar mannkynssögunnar, sjái ljósið í sögu Spörtu. Mestu vígafantar í sögu veraldarinnar – karlar að sjálfsögdum - virtust góðir og eftirlátir konum sínum og losuðu þær undan oki vinnunnar. Þó neituðu kapparnir elskum sínum, mæðrum, vinkonum og frænkum, að berjast við hlið sér, svo umhugað var þeim um líf þeirra og heilsu. Hefðu þeir haft nauðsynlega tækni handbæra, hefðu stríðsmenn þessir vafalífið einnig hlíft konum sínum við meðgöngu og barnsburði.

Hugsanlega gengur Sparta í eins konar endurnýjun lífdaganna, fullkomnari en áður, böðuð ókunnum dýrðarljóma, þar sem konur berjast við hlið karla eins og þær hafa burði til og vélmenni af ýmsu tagi sjá um vinnuna - og útungunarvélar um meðgöngu barnanna. Þá ríkir væntanlega jafnræði kynjanna hjá mankindinni. Þá ættu börn að alast upp við alúð beggja kynja í „karlkvenlegu“ jafnvægi. En hvornig ætli það verði skilgreint í samfélagi framtíðarinnar? Ég el þann ótta í brjósti, að boðskapur þess framtíðarsamfélags verði ekki í anda Thorbjörns Egner: Alle dyrene i skogen skal være venner.

Heimildir

Cartledge, Paul, *The Spartans. The World of the Warrior-Heroes of Ancient Greece, from Utopia to Crises and Collapse*. (New York: Vintage Books 2004)

Jones, A.H.M., *Sparta*. (Oxford: Basil Blackwell 1967).

McKay, J.P. og fl., *A History of World Societies* (New York: Bedford/St. Martin's 2012)

Plutarkos, *Plutarch on Sparta*. Þýdd af R.J.A. Talbert (London: Penguin Books 1988).

Rawson, E., *The Spartan Tradition in European Thought* (Oxford: Oxford University Press 1969).

Sigurbjörn Einarsson, „Xanþippa og systur hennar.“ Sigurður A. Magnússon og fl. ritstjórar, *Grikkland ár og síð*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1991), bls. 109-116.